

til greiðsludags, og kr. 285.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. júní 1980.

Nr. 98/1978. **Kjartan Jónsson**

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

gegn

Veiðifélagi Þverár

(Gunnar Helgason hdl.).

Leigusamningur. Verðtrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í aðalsök í héraði og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Í gagnsök í héraði krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði dæmt að greiða sér 1.921.276 krónur með 13% ársvöxtum frá 7. júní 1975 til 15. júní 1979 og með dómvöxtum, sbr. lög nr. 56/1979, frá þeim degi, þ. e. 34.5% ársvöxtum frá 15. júní 1979 til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda í þessum þætti málsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir eigi athugasemdir við breytta kröfugerð áfrýjanda að því er tekur til vaxta.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þ. á m. reikningar stefnda fyrir árin 1976, 1977 og 1978.

I.

Aðalsök í héraði.

Stefndi reisir kröfur sínar á hendur áfrýjanda á skuldafirlýsingu hans frá 13. september 1975, sem tekin er upp í héraðsdómi. Viðurkennir áfrýjandi í yfirlýsingunni að skulda stefnda 2.380.000 krónur og lofar að greiða þá fjárhæð í tveimur áföngum, eina milljón krónur 1. október 1975 og 1.380.000 krónur 25. nóvember s. á. Yfirlýsing þessi á rætur að rekja til leigusamnings aðiljanna frá 6. nóvember 1971 um laxveiði á vatnasvæði stefnda árin 1972—1975 með sérákvæði um árið 1976. Leigugjöld fyrir árin 1972—1974 voru gerð upp án ágreinings, að því er ráða má af gögnum máls og málflutningi hér fyrir dómi. Ágreiningsefni aðilja í máli þessu varða hins vegar uppgjör leigunnar fyrir árið 1975 og ýmis skipti þeirra, er tengjast leigusamningnum.

Í leigusamningi þessum er svofellt ákvæði: „Leigugjaldið hækkar sjálfkrafa í samræmi við hækkannir, sem verða kunna á verði bandaríkjadollars í íslenskum krónum og fram eru komnar fyrir umsaminn gjalddaga (20. maí) hverju sinni“.

Ágreiningslaust er, að stofnleigugjaldið nam árið 1975 5.5 milljónum króna, en með álagi, er tók mið af gengi bandaríkjadollars, nam það 9.545.454 krónum. Er ágreiningslaust, að sú fjárhæð sé rétt reiknuð samkvæmt gengisákvæði samningsins, en svo sem í héraðsdómi greinir, ber áfrýjandi bríður á lögmæti þess andspænis 1. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 71/1966.

Samkvæmt reikningsgerð stefnda bar áfrýjanda að greiða honum vegna samningsskipta þeirra árið 1975 þessar fjárhæðir:

1. Ársleigu 1975	9.545.454 krónur
2. Húsaleigu fyrir húsið Vighól 1975	350.000 —
3. Umsamda vexti fram til 13. september 1975	69.522 —

Alls 9.964.976 krónur

Greiðslur áfrýjanda til stefnda vegna leigugjalds ársins 1975 eru þessar:

1. Peningagreiðslur á tímabilinu 22. maí 1975 til 14. ágúst s. á., alls	5.200.000	krónur
2. Reikningar áfrýjanda, er stefndi veitti viðtöku 24. maí 1975 og viðurkennir, að koma eigi upp í leigugjöld	1.191.318	—
3. Reikningar áfrýjanda, sem stefndi tók gilda 13. september 1975	1.063.658	—
4. Stefndi viðurkennir skyldu sína til að endurgreiða áfrýjanda upp í aðra framlagða reikninga samtals	130.000	—

Alls 7.584.976 krónur

Mismunur á niðurstöðutölum þessum nemur 2.380.000 krónum, og er það sú fjárhæð, sem stefndi taldi áfrýjanda skulda sér, þegar uppgjör fór fram hinn 13. september 1975, en það er jafnframt sú fjárhæð, sem greinir í yfirlýsingu áfrýjanda nefndan dag.

Áfrýjandi andæfir kröfum stefnda með vísan til þess, svo sem greint var, að gangisákvæði í framangreindum samningi málsaðilja 6. nóvember 1971 sé að vettugi virðandi, þar sem það gangi í berhögg við 1. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 71/1966. Hann telur yfirlýsingu sína frá 13. september 1975 beinlínis reista á þessu ákvæði samningsins og skorti hana því allt lagaafli. Þá reisir áfrýjandi enn fremur sýknukröfu sína á því, að yfirlýsingin eigi rót að rekja til ólög-mætrar nauðungar, svika eða misneytingar, og að aðdragandi að útgáfu hennar sé enda svo vaxinn, að óheiðarlegt sé af hálfu stefnda að bera hana fyrir sig. Þá séu forsendur brostnar fyrir gildi hennar.

I.B.

Í héraðsdómi er tekið upp bréf áfrýjanda 5. maí 1975 til stefnda, þar sem hann gerir það að tillögu sinni, að álagið á stofnleigugjaldið fyrir árið 1975 verði 33% af gengishækk-

un bandaríkjadollara, eða alls 7.355.000 krónur. Þessi hugmynd er áréttuð í bréfi áfrýjanda til stefnda 30. maí s. á.

Í bréfi 3. júní s. á. er lagt til, að leiga ársins 1975 verði 9.400.000 krónur, en gjaldfrestur verði veittur á greiðslu 2.100.000 króna.

Í héraðsdómi er frá því greint, að fundur var haldinn í stjórn stefnda 13. september 1975 og skyldi þar fjallað um leigu fyrir árið 1976 á veiðiréttindum á vatnasvæði stefnda. Kveður áfrýjandi sér hafa verið setta þá kosti af hálfu stjórnar stefnda, að tilboð af sinni hendi kæmi eigi til álita, nema gengið væri frá uppgjöri á samningsskiptum málsaðilja fyrir árið 1975. Fær þessi skýrsla stoð í gögnum máls, þ. á m. dómskýrslu stjórnarformanns stefnda. Áfrýjandi afhenti stjórnarformanninum þennan dag tékka að fjárhæð 1.000.000 krónur, er greiðast skyldi 1. október 1975, en hann afturkallaði tékkann með bréfi til greiðslubanka 25. september s. á. Þegar stefndi framvísaði tékkanum til greiðslu, var henni synjað með vísan til bréfs þessa, og er tékkinn enn ógreiddur, að því er skýrt var frá í málf lutningi.

Áfrýjandi gerði nýtt tilboð um leigu á veiðiréttindum á vatnasvæði stefnda hinn 1. október 1975 fyrir árin 1976—1978. Í 4. lið þess tilboðs segir svo: „Uppgjör ársins 1975 sé frá gengið, eins og áður hefur verið samið um“. Hlýtur hér að vera vísað til samningsgerðar aðiljanna frá 13. september 1975.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, var tilboði áfrýjanda eigi tekið og öðrum aðiljum leigð veiðin.

Af því, sem greint hefur verið frá um skipti málsaðilja, þykir sýnt, að áfrýjandi hefur gert upp árin 1972—1974 á grundvelli gengisákvæðisins í samningi aðilja frá 6. nóvember 1971. Enn fremur er sýnt, að í samningsgerðinni 13. september 1975 byggir áfrýjandi enn á því, að uppgjör fari fram á grundvelli gengisákvæðisins, og er þetta áréttað í tilboði 1. október 1975.

I.C.

Verður nú vikið að þeirri mótbáru áfrýjanda, að yfirlýsingin frá 13. september 1975 sé ógild, með því að hún sé

reist á gengisákvæði leigusamnings aðiljanna frá 6. nóvember 1971, er brjóti í bága við lög nr. 71/1966.

Leigusamningurinn er gagnkvæmur samningur, þar sem stefndi leigir áfrýjanda veiðiréttindi á vatnasvæði félagsins svo og veiðihús stefnda ásamt búnaði og enn hestagirðingu. Leigugjald skyldi greiða fyrirfram fyrir hvert leigutímabil, og er gjalddagi 20. maí. Skyldi greiða álag á stofngjaldið á grundvelli þeirra hækkana á gengi bandaríkjadollars, sem fram væru komnar fyrir umsaminn gjalddaga. Samkvæmt því hækka fjárgreiðslur áfrýjanda, sem fram kunna að fara eftir 20. maí, eigi, þótt hækkun verði á greindum gjaldmiðli gagnvart íslenskri krónu eftir þann tíma. Er sýnt, að uppgjör aðilja í september 1975 er í samræmi við þessa túlkun ákvæðisins. Eru kröfur stefnda í aðalsök og á þessu reistar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 71/1966 verður að skýra svo, að þau ógildi eigi fortakslaust það ákvæði í hinum gagnkvæma samningi málsaðilja um leigugjald, sem tengir það við gengi bandaríkjadollars, en samningurinn felur í sér þá skuldbindingu, að þeir inni báðir af hendi framlög á tilteknu tímabili eftir samningsgerð með þeim hætti, er í samningnum greinir, sbr. dóm Hæstaréttar 12. janúar 1978. Eins og áður er rakið, er álag á stofnleigugjaldið aðeins miðað við þá gengishækkun, sem fram er komin á gjalddaga leigunnar, er greiða skyldi fyrirfram 20. maí 1975, og skiptu síðari gengisbreytingar eigi máli, þótt dráttur yrði á greiðslu leigugjaldsins. Að svo vöxnu máli þykir eigi unnt að taka til greina ofangreinda málsástæðu.

I.D.

Hér að framan er getið um aðrar málsástæður áfrýjanda, er hann telur, að leiða eigi til þess, að yfirlýsing sín frá 13. september 1975 verði dæmd ógild. Með skirskotun til raka héraðsdóms verða þær eigi teknar til greina.

Samkvæmt því ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 2.380.000 krónur með 13% ársvöxtum af 1.000.000 krónum frá 1. október 1975 til 25. nóvember s. á., en af 2.380.000 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum

af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

II. Gagnsök í héraði.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar í gagnsök á því, að rétt leigugjald fyrir veiðiréttindin á vatnasvæði stefnda árið 1975 sé 5.500.000 krónur, en eigi 9.545.454 krónur. Hefur þegar verið leyst úr því ágreiningsefni. Að öðru leyti krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 316.300 krónur vegna endurnýjaðra muna, endurnýjunar hestagirðingar, endurbóta á húsi og ofgreiddrar húsaleigu 1974. Hinn 13. september 1975 varð það að samkomulagi með málsaðiljum, eins og áður segir, að reikningar, sem eru undirstaða þessarar kröfu, yrðu teknir til greina með tveimur greiðslum, alls að fjárhæð 130.000 krónur. Er það samkomulag bindandi fyrir áfrýjanda. Samkvæmt því ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda í gagnsök í héraði.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda alls 800.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Kjartan Jónsson, greiði stefnda, Veiðifélagi Þverár, 2.380.000 krónur með 13% ársvöxtum af 1.000.000 krónum frá 1. október 1975 til 25. nóvember s. á., en af 2.380.000 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember

s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Áfrýjandi greiði stefnda alls 800.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu er aðeins fjallað um reikningsskil aðilja fyrir árið 1975. Þeir eru sammála um það, að sumarið 1975 hafi verið heimilt að veiða með 11 stöngum á hinu leigða veiðisvæði og grunnleiga því reiknast 5.500.000 krónur. Í samningi aðilja frá 6. nóvember 1971 er svohljóðandi ákvæði: „Leigugjaldið hækkar sjálfkrafa í samræmi við hækkanir, sem verða kunna á verði bandaríkjadollars í íslenskum krónum og fram eru komnar fyrir umsaminn gjalddaga (20. maí) hverju sinni“.

Leigusamningur þessi er milli innlendra aðilja og fjallar um leigu á hlunnindum bújarða. Verðtryggingarákvæði samningsins, sem að framan getur, er einungis stefnda til hagsbóta. Brýtur ákvæðið í bága við lög nr. 71/1966, sem giltu á þeim tíma, er hér skiptir máli, og er því ógilt samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þeirra laga. Samkvæmt því var leiga sú, er áfrýjanda bar að greiða stefnda fyrir veiðiréttindin sumarið 1975, rétt ákveðin 5.500.000 krónur. Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að áfrýjandi sé bundinn af samkomulagi því, er hann gerði við stefnda 13. september 1975.

Ágreiningslaust er, að áfrýjanda hafi borið að greiða 350.000 krónur í leigu fyrir veiðihús sumarið 1975.

Aðiljar eru sammála um, að áfrýjandi hafi greitt samtals 5.200.000 krónur í reiðufé til stefnda upp í leigugreiðslur og lagt fram vörur og vinnu, er stefnda beri að greiða fyrir

samtals 2.254.976 krónur. Þá kveðst áfrýjandi hafa lagt fram vörur og vinnu á fyrri árum, sem hann hafi ekki fengið greitt fyrir, og auk þess eigi hann að fá afslátt af leigu fyrir veiðihús. Nemi þetta samtals 316.300 krónum, er stefnda beri að greiða. Stefndi hefur samþykkt, að honum beri að greiða 130.000 af þessari kröfu. Áfrýjandi hefur engin gögn fært fram til sönnunar þessum kröfum, og verða þær því aðeins teknar til greina með fyrrgreindum 130.000 krónum. Samkvæmt þessu hefur áfrýjandi innt af hendi vegna þeirra viðskipta, sem hér er um fjallað, samtals 7.584.976 krónur.

Áfrýjandi hafði haft umrætt veiðisvæði á leigu frá stefnda um nokkurra ára skeið, og höfðu í samningum verið verðtryggingarákvæði. Er eigi annað fram komið en aðiljar hafi gert upp skipti sín án deilna allt til ársins 1975. Greiðslur allar á árinu 1975 innti áfrýjandi af hendi án nokkurs fyrirvara, og engan fyrirvara gerði hann um ógildi verðtryggingarákvæðisins, er hann undirritaði samkomulagið við stefnda 13. september 1975. Þegar þetta er virt og höfð hliðsjón af viðskiptum þessum í heild, þykir áfrýjandi ekki nú geta fengið endurgreitt úr hendi stefnda það fé, sem hann kann að hafa ofgreitt samkvæmt framangreindu.

Samkvæmt þessu tel ég, að aðiljar eigi að vera sýknir hvor af annars kröfum í máli þessu, en rétt sé, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. janúar 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 14. desember sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 16. desember 1975, af Veiðifélagi Þverár, Borgarfirði, gegn Kjartani Jónssyni lögfræðingi, Hólatorgi 4 hér í borg, til greiðslu skuldar kr. 2.380.000 með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 1.000.000 frá 1. okt. 1975 til 25. nóvember s. á., en af kr. 2.380.000 frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst aðallega frávísunar málsins, en til vara sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar. Frávísunarkröfu stefnda var hrundið með úrskurði, uppkveðnum 26. maí 1976.

Stefndi höfðaði gagnsök á hendur stefnanda með stefnu, birtri 23. júní 1976, til greiðslu á kr. 1.977.382 með 13% ársvöxtum frá 7. júní 1975 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Gagnstefndi krefst sýknu í gagnsök og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Aðalsök og gagnsök voru sameinaðar og fluttar sem eitt mál.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Málavextir eru þeir, að stefndi máls þessa, Kjartan Jónsson, bóndi á Guðnabakka, gerði samning við félag sína í Veiðifélagi Þverár um veiðiréttindin í ánni frá upptökum til ósa. Fyrsti samningur aðilja var gerður 14. febrúar 1969 og gildi um veiði-árin 1969 og 1970. Skilmálar voru þeir helstir, að veiðitíminn var frá 11. júní til 10. september fyrir 10 stengur, og veiðileigan var ákveðin 1.400.000 á ári og skyldi greiðast fyrir 20. maí hvort ár. Samningurinn var uppsegjanlegur af beggja hálfu fyrir 1. október 1969 að því er varðaði leigu ársins 1969, og var honum sagt upp af hálfu veiðifélagsins. Aðiljar gerðu nýjan samning 18. janúar 1970 um veiðiárin 1970 og 1971. Veiðileigan skyldi vera kr. 1.800.000 fyrir veiðiárið 1970 og kr. 2.000.000 fyrir veiðiárið 1971, „þó þannig, að 2/5 hlutar leigugjaldsins hvort árið skulu hækka í samræmi við hækkunar, sem verða kunna á verði sterlingspunds í íslenskum krónum og fram eru komnar fyrir umsaminn gjalddaga veiðileigunnar, sem er hvort árið 20. maí. Leigutaki leggur fram bankaábyrgð fyrir greiðslu veiðileigu fyrir hvort ár, í síðasta lagi 20. október árið áður.“ Aðiljar gerðu nýjan samning 6. nóvember 1971 fyrir veiðiárin 1972, 1973, 1974 og 1975 með sérstökum fyrirvara fyrir árið 1976. Ákvæði þessa samnings um veiðileiguna hljóða svo: „Veiðileiga skal árin 1972 og 1973 vera kr. 4.500.000.00 — fjórar milljónir og fimm hundruð þúsund krónur — hvort ár. Árið 1974 kr. 4.750.000.00 — fjórar milljónir og sjö hundruð og fimmtíu þúsund krónur —. Árið 1975 kr. 5.000.000.00 — fimm milljónir króna —. Um leigu fyrir árið 1976 verður síðar samið. Hafi samningar um hana eigi tekist fyrir 1. júní 1975, fellur þessi samningur niður að því er varðar árið 1976. Heimilt er leigusala að leita opinberlega tilboða í veiðirétt veiðifélagsins árið 1976 til að afla gagna til viðmiðunar fyrir samninga. Leigugjaldið innir leigutaki af höndum fyrir hvert veiðitímabil fyrirfram, og er gjalddagi 20. maí ár hvert. Bankaábyrgð fyrir leigugjaldinu setur hann 6 mánuðum fyrir gjalddaga hverju sinni, þ. e. 20. nóvember. Leigu-

gjaldið hækkar sjálfkrafa í samræmi við hækkanir, sem verða kunna á verði bandaríkjadollars í íslenskum krónum og fram eru komnar fyrir umsaminn gjalddaga (20. maí) hverju sinni.“

Hinn 5. maí 1975 ritaði Kjartan Jónsson stjórn veiðifélagsins svohljóðandi bréf:

„Frá og með sumrinu 1969, sem var fyrsta sumarið, sem ég undirritaður hafði Þverá á leigu, hef ég lagt á það mikla áherslu að fá til veiða erlenda veiðimenn. Ber þar ýmislegt til, m. a. góð meðferð útlendinga á ánni, þeir hafa greitt vel fyrir veitta þjónustu og hafa í hvívetna sýnt fyllstu kurteisi í einu og öllu.

Þegar gildandi leigusamningur var gerður haustið 1971, var í hann sett ákvæði um gengistryggingu leigunnar. Forsendur þessa ákvæðis voru fyrrgreind viðskipti við útlendinga og byggðist eingöngu á þeim.

Eins og kunnugt er, hækkaði leigan fyrir árið 1972 í 4,5 millj. úr kr. 2,0 m. árið 1971, síðan í kr. 4,75 m. fyrir 1974 og fyrir 1975 kr. 5,0 m. Sýna þessi hækkunarákvæði enn skýrar, að forsendur gengisákvæðisins voru hin erlendu viðskipti.

Árin 1971—2—3 kom vaxandi fjöldi útlendinga til veiða í Þverá. Í ársbyrjun 1974 byrjaði hin svonefnda Olíukreppa og í kjölfar hennar allsherjar samdráttur í viðskiptum um allan heim. Þetta ástand verkaði strax veturinn 1974 þannig, að erlendum veiðimönnum fækkaði í Þverá verulega sumarið 1974 eða um 30% frá árinu áður. Á þessu ári hefur þetta ástand enn versnað, og hefur erlendum veiðimönnum fækkað frá síðasta sumri um rúman helming. Þetta verður til þess, að tekjur erlendis frá verða nú þetta ár aðeins 1/3 þess, sem gert var ráð fyrir s.l. ár. Af þessum ástæðum er enginn grundvöllur til þess að leigan fylgi verði erlends gjaldeyris að fullu, enda forsendur þess fallnar brott, eins og áður segir. Þess skal getið, að rekstrar-kostnaður tvöfaldaðist frá 1972—1974, og er áætluð hækkun í ár ca. 33%.

Því má bæta hér við, að við verðlagningu veiðileyfa fyrir árið 1975 var tekið mið af verðlagi í sept/okt. 1974 og verði erl. gjaldeyris á þeim tíma. Það er alkunnugt, að ákveða verður söluverð og aðra skilmála á veiðileyfum, ferðalögum o. þ. h. með löngum fyrirvara, sérstaklega á þetta við um menn í öðrum löndum, sem hygga á ferðir hingað, og er algengt, að menn panti með allt að árs fyrirvara.

Um miðjan febr. s.l., þegar gengi ísl. krónunnar var fellt í annað sinn á stuttum tíma, var orðið ljóst, að mikill samdráttur

var orðinn í erlendu viðskiptunum og einnig að ekki var hægt að hækka verð hér innanlands frá því, sem búið var að ákveða og selja samkvæmt.

Af þessu leiðir svo og því, sem að framan greinir, að fullt álag samkvæmt gengistryggingarákvæði á umsamda árleigu kr. 5,0 millj. er ekki raunhæft.

Leyfi ég mér að gera þá tillögu, að álag á umsamda leigu verði 33%, sem gerir heildarleigu fyrir 11 stangir kr. 7.315.000 — sjö milljónir þrjú hundruð og fimmtán þúsund krónur —.

Vænti ég þess, að samkomulag verði um þessa greiðslu með hliðsjón af framangreindum rökstuðningi mínum.“

Kjartan Jónsson afhenti formanni veiðifélagsins, Magnúsi Sigurðssyni á Gilsbakka, bréfið, og ræddu þeir efni þess. Formaður ræddi við stjórn félagsins um málaleitan Kjartans, en þeir töldu slíka eftirgjöf á leigugjaldinu fyrir árið 1975 ekki koma til greina og að ekki þýddi að bera slíkt upp á fundi í félaginu. Kjartan greiddi inn á reikning veiðifélagsins samtals kr. 4.219.318 dagana 22. og 24. maí 1975. Formaðurinn tjáði Kjartani álit stjórnarinnar, en einnig, að undir þessum kringumstæðum væri ekki ósanngjarnt, þótt Kjartan fengi gjaldfrest á nokkrum hluta leigugjaldsins fram yfir veiðitímann, þannig að tekjur Kjartans af framleigunni væru komnar inn.

Kjartan ritaði stjórn félagsins bréf, dags. 3. júní 1975, sem tekið var fyrir á aðalfundi félagsins 8. júní 1975. Hinn 30. maí hafði Kjartan greitt til viðbótar kr. 972.000 inn á reikning félagsins upp í leigugjald fyrir árið 1975, og hafði hann því alls greitt af því kr. 5.191.318.

Bréf Kjartans til veiðifélagsins, dags. 3. júní 1975, sem tekið var til meðferðar á aðalfundinum 8. júní, er svohljóðandi:

„3. júní 1975.

Eins og félaginu er kunnugt, hafa hinar háu leigur á laxveiði-ám hér byggst mikið á sölu veiði til útlendinga. Nú hefur orðið alvarlegur samdráttur í þeim viðskiptum og ekki séð fyrir endann á því, hvernig fer um þau viðskipti á næstu árum. Um leið og útlendingum fækkar í ánum verður erfiðara að selja á markaði innanlands fyrir hátt verð.

Með hliðsjón af ofanrituðu svo og því, að ótryggt ástand er bæði innanlands og utan í fjármálum og atvinnumálum, leyfi ég mér að beina þeim tilmælum til veiðifélags Þverár, að eftirfarandi samkomulag verði gert um veiðileigu árána 1975—1976 og 1977:

1. Leiga ársins 1975 sé	kr. 9.400.000.-
gjaldfrestur sé veittur á	— 2.100.000.-
2. Leiga ársins 1976 sé	— 9.700.000.-
gjaldddagi verði 20. maí á	— 7.000.000.-
Eftirstöðvar gr. 30.12. '76	— 2.400.000.-
3. Veðiðleiga ársins 1977 sé	— 10.400.000.-
gjaldddagi verði 20. maí	— 7.300.000.-
Eftirstöðvar greiðist 30.12 1977	— 3.000.000.-

Einn þriðji hluti leigunnar fyrir árið 1977 sé umreiknaður í dollara miðað við gengisskráningu 1. febrúar 1976 og greiðist í ísl. krónum skv. gengi dollarans 1. febr. 1977. Samkomulag þetta miðist við 11 stengur, eins og verið hefur, og fylgi afnot af veiðihúsi með í leigunni.

Virðingarfyllt,

Kjartan Jónsson, Guðnabakka.

Til Veiðifélags Þverár.“

Á aðalfundinum 8. júní 1975 kom fram í ræðu formanns, að vegna gengisfellinga væri leigugjaldið fyrir árið 1975 orðið 9.4 milljónir króna, og las formaður síðan bréf Kjartans frá 3. júní 1975. Miklar umræður urðu um þetta mál, um leigu á sambærilegum ám og hvort samdráttur væri yfirleitt á veiðileigu. Á fundinum voru Kjartan Jónsson og Pétur Kjartansson, og þeir lýstu því, að aðsókn útlendinga hefði minnkað mikið. Á fundinum var ákveðið að veita Kjartani umbeðinn gjaldfrest vegna veiðileigunnar fyrir árið 1975 gegn bankatryggingu, og honum var gert gagntilboð um leigu fyrir árið 1976 að upphæð kr. 11 milljónir og helmingur reiknist á gengi bandaríkjadollars miðað við 1. febrúar 1976, með gjalddögum 20. maí og 1. október. Kjartan fór fram á frest til að svara þessu gagntilboði, og var honum veittur frestur til 15. júlí. Dagana 7., 9. og 17. júlí greiddi hann 1 milljón króna til viðbótar inn á bankareikning veiðifélagsins. Stjórn veiðifélagsins hélt fund 18. júlí, og þá upplýsti formaður, að Kjartan hefði tilkynnt sér, að hann gengi ekki að gagntilboði síðasta aðalfundar varðandi leigu árinna árið 1976 og að samningur um það ár væri niður fallinn. Var þá ákveðið að bjóða ána til leigu með auglýsingu í blöðum með tilboðsfresti til 20. ágúst.

Hinn 3. ágúst 1975 ritaði stjórn veiðifélagsins Kjartani Jónsýni svohljóðandi bréf:

„Hr. Kjartan Jónsson, Hólatorgi 4, Reykjavík.

Stjórn Veiðifélags Þverár harmar það, hve torsótt hefur reynst

að gera upp viðskipti þín við veiðifélagið nú í sumar þrátt fyrir mikla eftirgangsssemi. Er þar einkum um eftirtalin atriði að ræða:

1. Ólokið er enn greiðslu þeirri, kr. 1.200.000.-, sem þú hést að greiða inn á reikning félagsins í Sparisjóði Mýrasýslu 9. júní s.l., þrátt fyrir margendurteknar fullyrðingar um, að henni væri nýlokið eða skyldi verða lokið strax. Enn vantar kr. 200.000.-.

2. Ekki hafa verið lagðir fram til uppgjörs reikningar vegna innbús (húsgögn, eldavél, kæligeymslur, o. fl. o. fl.), er þú hefur keypt fyrir félagið til Víghólshússins (og reyndar ekki útrætt, hvað af búshlutum félagið léti fylgja húsinu). Hefur þó í sumar þráfallega verið óskað eftir því af okkar hálfu, að reikningum þessum yrði skilað til frádráttar veiðileiguskuldinni.

3. Ekki hefur verið samið um leigu fyrir nýja Víghólshúsið né afhending þess farið fram.

4. Ekki fullnægt skilyrði aðalfundar fyrir gjaldfresti á hluta af leigugjaldi fyrir ána, þ. e. ekki lögð fram bankaábyrgð.

Vegna þeirrar tregðu, er orðið hefur á, að þú gangir frá þessum viðskiptum, nú síðast, er þú komst ekki til fundar við okkur 26. júlí s.l., og ekkert hefur frá þér heyrst síðan, hefur stjórn veiðifélagsins ákveðið að fela Jónasi Aðalsteinssyni hrl. að ganga frá þessum fjármálum og gera upp svofelldan reikning:

An:

Umsamin veiðileiga	
(dollaragengi 19. maí 1912)	kr. 9.545.454.-
Leiga fyrir veiðihús	— 350.000.-

Samtals kr. 9.895.454.-

Pr:

Greitt í Sparisj. Mýras.	— 5.000.000.-
Greiddir reikningar	— 1.191.318.-

Kr. 6.191.318.-

Mismunur, skuld	— 3.704.136.-
-----------------	---------------

Eins og hér kemur fram, ákveður stjórnin hér með að leiga eftir Víghólshúsið verði kr. 350.000.- í sumar. Er sú upphæð að sjálfsögðu lág, miðað við það fé, sem byggingin hefur kostað, en rétt hefur þótt að taka tillit til ýmissa aðstæðna við ákvörðun þessa. Stjórnin er eftir sem áður reiðubúin að ræða um endurgreiðslu á kostnaði frá fyrri árum við endurbætur á gamla hús-

inu. Stjórnin óskar eftir skriflegum samningi um Víghól í ár, þar sem fram skuli tekið um framangreinda leiguupphæð að húsinu og því, sem því fylgir, verði skilað jafngóðu og við var tekið og kveðið á um tilnefningu úttektarmanna og úrskurð í ágreiningsmálum.

Þá vill stjórnin taka fram, að hún telur, að þar sem ekki hefur verið sinnt skilyrði aðalfundar 8. júní s.l. fyrir gjaldfresti á hluta veiðileigu, sé nefndur gjaldfrestur úr gildi fallinn og leigan því öll gjaldfallin. Enda þótt í ályktun aðalfundar væri ekki tiltekinn ákveðinn frestur til að leggja fram bankaábyrgðina, verður að telja, að það hafi átt að gerast hið allra fyrsta eftir fundinn og í síðasta lagi fyrir 15. júlí.

Stjórnin mun gefa Jónasi Aðalsteinssyni umboð til að ganga að bankaábyrgð þeirri, er Útvegsbankinn hefur sett þín vegna 20. nóv. s.l.

Steinum, 3. ágúst 1975.

Magnús Sigurðsson

Oddur Kristjánsson

Diðrik Vilhjálmsson“.

Stjórnarfundur var haldinn 27. ágúst, og voru þar opnuð tilboð þau, sem borist höfðu. Tilboðin voru frá þremur aðiljum, Kjartani Jónssyni, Stangaveiðifélagi Borgarness og Ástúni s/f. Ákveðið var að boða til almenns félagsfundar um tilboðin 3. september. Hinn 14. ágúst hafði Kjartan Jónsson greitt til veiðifélagsins þær kr. 200.000, sem taldar voru á vanta á greiðslu þá, sem hann hafði lokað í júní, sbr. 1. lið bréfs veiðifélagsins frá 3. ágúst.

Á fundinum 3. september 1975 var tekið fyrir eina mál fundarins, athugun tilboðanna. Formaðurinn las þau upp, en þau voru svohljóðandi:

1. Tilboð frá Kjartani Jónssyni.

„Hérmeð leyfi ég undirritaður mér að gera eftirfarandi tilboð í veiðiréttindi Veiðifélags Þverár fyrir árin 1976—77—78—79. Tilboðið miðast við 11 stengur og fylgi veiðihús í Víghól með í leigunni.

Greiðsla fyrir árið 1976 sé kr. 11.500.000.-

Greiðsla fyrir árið 1977 sé kr. 12.500.000.-

Greiðsla fyrir árið 1978 sé kr. 14.000.000.-

Greiðsla fyrir árið 1979 sé kr. 15.500.000.-

Gjalddagar leigunnar séu þessir:

65% leiga greiðist 5. maí ár hvert

15% leiga greiðist 1. okt. ár hvert

20% leiga greiðist 15. des. ár hvert

Bankatryggingu setur tilboðsgjafi fyrir 5. nóv. ár hvert“.

2. Tilboð frá Stangaveiðifélagi Borgarness.

„Tilboð okkar í veiði þessa er 9.752.000.- krónur. Tilboð þetta miðast við, að viðunandi húsnæðisaðstaða sé við ána fyrir veiðimenn. Ef til samnings kemur, værum við til viðræðu um aðstoð við lausn þessa máls.“

3. Tilboð frá Ástúni s/f (Jón og Vilhjálmur Ingvarssynir).

Inntak þess var, að leiga árið 1976 yrði kr. 8.900.00 og að tilboðsgjafi byðist til að byggja hús fyrir veiðifélagið við niðurána.

Formaðurinn sagði á fundinum, að stjórnin treysti sér ekki til að mæla með neinu þessara tilboða. Hann gat þess, að ýmsir reikningar milli veiðifélagsins og Kjartans Jónssonar væru óuppgæfðir, og taldi, að hann hefði ekki staðið í skilum við félagið. Þótt tilboð Kjartans væri best, kæmi tæplega til greina að taka því, fyrr en viðskipti frá núverandi leigutímabili væru komin á hreint. Flutti hann tillögu um að kjósa fimm manna nefnd til að athuga tilboðin, og var það samþykkt. Nefndin tók til starfa á fundinum og bar fram tillögu, sem var samþykkt:

„Fundur í Veiðifélagi Þverár 3/9 '75 ályktar eftirfarandi vegna framkominna tilboða í veiðirétt í Þverá frá og með árinu 1976. Fundurinn telur, að ekkert tilboðanna sé þannig fram sett, að hægt sé að ganga að þeim, og bendir á eftirfarandi atriði í því sambandi.

1. Ekkert tilboðanna er bundið verðtryggingu, sem fundurinn telur skilyrði, sérstaklega varðandi samninga til lengri tíma.

2. Í tveim tilboðanna er minnst á aðstoð við húsbyggingar, án þess að fram komi mat á þeirri aðstoð, sem reiknast gæti sem leiga fyrir ána. Með tilliti til þessara atriða leggur fundurinn til, að stjórn félagsins verði falið að ræða við tilboðsgjafa og leita nánari skýringa.“

Stjórnin athugaði síðan nánar tilboðin og leitaði nánari upplýsinga hjá tilboðsgjöfum. Formaður félagsins ræddi við Kjartan Jónsson að loknum fundi og gerði honum ljóst, að ganga yrði frá viðskiptum hans við félagið, áður en til fundar kæmi, ef hans tilboð ætti að geta staðið þar jafnfætis hinum. Boðað var til nýs fundar 13. september. Kjartan Jónsson kom til formanns-

ins að heimili hans að Gilsbakka þann dag, og þar gerðu þeir upp viðskipti Kjartans við félagið með svofelldu samkomulagi:

Leiga fyrir veiðirétt í Þverá árið 1975 reiknast .. kr. 9.545.454.00

Leiga fyrir veiðihús að Víghól fyrir árið 1975

skyldi reiknast — 350.000.00

Dráttarvextir af leigu reiknist — 69.522.00

Samtals kr. 9.964.976.00

Þessi skuld gagnstefnanda greiðist þannig:

Þegar greitt með peningum, 22. 5.

— 14. 8. 1975 kr. 5.200.000.00

Með greiðslu reikn. f. aðalstefn-

anda, afh. maí 1975, samtals kr. 1.191.318.00

Með greiðslu reikn. f. aðalstefn-

anda, afh. 13. 9. 1975, samtals .. — 1.063.658.00 — 2.254.976.00

Endurgr. aðalstefnanda til gagn-

stefnanda á helmingi leigu f. Víg-

hólshús árið 1974 kr. 30.000.00

Greiðslur aðalstefnanda til gagn-

stefnanda v. endurbóta á gamla

veiðihúsinu við Víghól — 100.000.00 — 130.000.00

Með peningum 1. 10. 1975 — 1.000.000.00

Með peningum 25. 11. 1975 — 1.380.000.00

Samtals kr. 9.964.976.00

Kjartan Jónsson var þannig talinn skulda veiðifélaginu kr. 2.380.000, sem hann lofaði að greiða á tveimur gjalddögum. Hann afhenti formanninum ýmsa reikninga í samræmi við þetta uppgjör, og var ákveðið, að endanlega yrði gengið frá uppgjöri-
nu við stjórnina í heild fyrir fundinn í Þverárrétt. Það var gert, og var farið yfir reikninga þá, sem Kjartan lagði fram, samtals kr. 1.063.659.00, og voru þeir allir teknir góðir og gildir. Ritaði Kjartan síðan svofellda skuldayfirlýsingu þarna á fundi með stjórn veiðifélagsins:

„Þverárrétt 13/9 1975.

Undirritaður viðurkennir hér með að skulda Veiðifélagi Þverár kr. 2.380.000 — tvær milljónir þrjúhundruð og áttatíu þúsund — sem ég lofa að greiða á eftirtöldum gjalddögum:

1. kr. 1.000.000 eina milljón — 1. okt. 1975
2. kr. 1.380.000 eina milljón þrjúhundruð og átta tíu þúsund — 25. nóv. 1975.

Bankaábyrgð set ég fyrir síðari greiðslu.

Kjartan Jónsson“.

Jafnframt gaf Kjartan út ávísun til Veiðifélags Þverár fyrir fyrri greiðslunni, kr. 1.000.000, sem dagsett var 1. okt. 1975, og skyldi henni framvísað þann dag. Síðan hófst hinn boðaði félagsfundur í veiðifélaginu.

Formaður veiðifélagsins greindi frá því, hvað stjórnin hefði gert í málinu, og kom fram, að tilboðsgjafar hefðu skýrt tilboð sín. Ástún s/f hygðist ekki verðtryggja tilboð sitt, en Stanga-veiðifélag Borgarness væri fúst til þess. Kjartan Jónsson hefði gengist inn á að verðtryggja hluta leigunnar 2 síðari árin, þ. e. kr. 4.000.000 árið 1978 og 5.000.000 árið 1979, og skyldi verðtryggingin miðuð við búvöruverð. Formaður gat þess einnig, að skuld Kjartans við félagið næmi kr. 2.3 milljónum, og hann ræddi þá hugmynd, sem fram hefði komið, að veiðifélagið sjálft sæi um rekstur árinna. Upplýsti hann, að til hans hefðu borist fyrirspurnir frá mönnum í Sviss, hvort möguleiki væri að taka hluta árinna á leigu, og hefðu þeir áhuga á fremra svæðinu. Kosin var nefnd til að athuga hinar nýju upplýsingar um tilboðin. Nefndin ræddi við Kjartan Jónsson um tilboð hans og bar fram gagntilboð til hans um, að leigutíminn yrði stytur í 2 ár, en Kjartan vildi ekki ganga að því. Nefndin varð þá sammála um að flytja svofellda tillögu:

„Fundur haldinn í Veiðifélagi Þverár 13/9 '75 samþykkir að hafna framkomnum tilboðum í veiðirétt í Þverá“.

Tillaga þessi var rædd, og skýrði Kjartan Jónsson afstöðu sína og sagði, að tveggja ára leigusamningur væri mjög óhagstæður fyrir sig og gerði allan rekstur miklu erfiðari, og hann taldi sig hafa komið til móts við óskir síðasta fundar, þar sem verðtryggingar var óskað. Formaður spurði þá Kjartan, hvort hann bæri fram gagntilboð við gagntilboði nefndarinnar, og kvað Kjartan svo vera. Þá var gert fundarhlé, meðan stjórn og áðurkosin nefnd ræddu við Kjartan. Að viðræðunum loknum var fundi haldið áfram, og var frá því skýrt, að ákvörðun nefndarinnar væri að standa við áður framkomna tillögu um að hafna framkomnum tilboðum. Formaður félagsins lýsti miðlunartillögu Kjartans, sem var á þá leið, að leigutíminn væri 3 ár, leiga fyrir árið 1976 væri 11.5 millj. kr., 70% upphæðarinnar verðtryggt

miðað við búvöruverð árið 1977, en 100% árið 1978. Kjartan bar fram tillögu um, að miðlunartilboði hans yrði tekið. Eftir umræður bar formaður undir atkvæði tillögu um, að stjórninni væri heimilt að semja við Kjartan á grundvelli þess miðlunartilboðs, er hann hafði komið fram með og litið væri á sem breytingartillögu við tillögu nefndarinnar. Tillaga formanns var felld. Þá var borin upp tillaga nefndarinnar um að hafna öllum tilboðum í veiðirétt í Þverá, og var hún samþykkt. Formaður bað fundinn um álit á því, hvað gera skyldi undir þessum kringumstæðum, og var það rætt. Formaður bar fram tillögu þess efnis, að fundurinn fæli félagsstjórninni að kanna sem ítarlegast, hvaða leiðir væri unnt að fara til að koma ánni í verð, t. d. að félagið annaðist allan rekstur og réði framkvæmdastjóra, og var tillagan samþykkt. Var mál þetta ekki rætt frekar á þessum fundi.

Stjórnin leitaði fyrir sér um leigu á ánni, og í ljós kom, að Svisslendingar höfðu áhuga á að taka á leigu hluta árinna, eins og skýrt hafði verið frá á fundinum. Formaður ræddi við forvars menn Stangaveiðifélags Borgarness, sem lýstu áhuga á að bjóða í ána á móti Svisslendingunum. Taldi formaður þarna komna tilboðasamstæðu, sem bera mætti saman við lokatilboð Kjartans Jónssonar, ef það stæði enn. Fundur var því boðaður 1. október til þess að ræða þessi tilboð. Hinn 1. október var formaður staddur í Borgarnesi, og fór hann í Sparisjóð Mýrasýslu til þess að leysa út ávísun þá, sem Kjartan Jónsson hafði gefið út, að fjárhæð kr. 1.000.000, sem var fyrri greiðslan skv. skuldafirlýsingunni. Í sparisjóðnum var formanninum sýnt bréf, dags. 25. september 1975, svohljóðandi:

„Sparisjóður Mýrasýslu, Borgarnesi.

Hérmeð tilkynnist, að ég undirritaður afturkalla tékka nr. 33529, útg. til Veiðifélags Þverár, á reikn. nr. 7204, til greiðslu 1. 10. 1975, tékkaupphæðin ein milljón króna — 1.000.000.-

Afturköllun þessi er gerð skv. 32. gr. tékkalaga 94/1933, og hefur þau áhrif, að greiðslubanka (sparisj.) er óheimilt að innleysa tékkann.

Virðingarfyllst,
Kjartan Jónsson“.

Formaður hitti Kjartan Jónsson fyrir fundinn um kvöldið og innti hann eftir þessu og skildist á samtali við hann, að hann hugsaði sér jafnvel ekki að greiða þessa skuld sína, sem hann hefði viðurkennt, nema því aðeins að hann fengi ána á leigu

áfram. Formaður taldi þetta breyta alfarið stöðu Kjartans og tilboði hans gagnvart þeim fundi, sem í vændum var, og skýrði hann fundinum frá þessu. Rætt var um hin nýju tilboð í hluta árinna, sem voru þannig: Stangaveiðifélag Borgnesinga er kr. 6.630.000 fyrir árið 1976 miðað við 6 stengur, leigutími 3 ár, og færist fjárhæðin árlega til samræmis við kaupgjaldsvisitölu. Tilboð Sigmars Björnssonar f. h. Svisslendinga í fjallveiðina var kr. 1.000.000 pr. stöng í 90 daga fyrir 6 stengur, með bankaábyrgð sex mánuði fyrir gjalddaga, en leigusali leggi til hesta. Formaður gat þess og, að sá háttur, að veiðifélagið sjálf annaðist rekstur árinna, væri ekki arðvænlegri. Nefnd, sem skipuð var að venju á fundinum, bar fram tillögu um að heimila stjórninni að semja við tilboðsgjafana Sigmar Björnsson í umboði Svisslendinga og Stangaveiðifélag Borgarness á grundvelli tilboðs þeirra. Kjartan Jónsson bar fram breytingartillögu þess efnis, að fundurinn samþykkti að bjóða ána út að nýju með stuttum fyrirvara, þar sem „að einum tilboðsgjafa í veiðirétt Veiðifélags Þverár hefur verið ívilnað á þann hátt, að honum er leyft að bjóða aðeins í hluta árinna, og vitneskja um það kom fyrst fram 1. okt. 1975“. Þessi breytingartillaga var felld. Kjartan lagði þá fram nýtt tilboð í ána þess efnis, að samningstímabil yrði 3 ár, greiðsla miðaðist við 12 stengur og væri þannig: Fyrir árið 1976 kr. 12.750.000, árið 1977 kr. 13.500.000, árið 1978 kr. 15.500.000, uppgjör ársins 1975 væri frá gengið eins og áður hefði verið samið um, bankatrygging væri sett og gjalddagar yrðu 5. maí og 1. desember. Nefndin tók til starfa að nýju og tók hið nýja tilboð Kjartans til athugunar. Nefndin bar að svo búnu fram svofellda tillögu, en dró fyrri tillögu til baka:

„Fundur í Veiðifélagi Þverár 1. október 1975 samþykkir:

I. Fundurinn ítrekar samþykkt fundar frá 13. september 1975 um að hafna þá framkomnum tilboðum í veiðirétt í Þverá.

II. Að heimila stjórninni að semja við Sigmar Björnsson í umboði Svisslendinga samkvæmt tilboði frá sömu aðilum, dags. 29. sept. 1975. Þó telur fundurinn, að leigutaki skuli bera allan kostnað af hestaleigu og ákvæði um viðhald á vegi gildi aðeins við veginn að veiðihúsi.

III. Að fela stjórn félagsins að fá leyfi veiðimálanefndar til að fjölga um eina stöng í Þverá auk þeirrar, sem leyfð er vegna netaupptöku.

IV. Að fela stjórn félagsins að bjóða út neðri hluta árinna með þeim stangafjölda, sem fánlegur verður.“

Í umræðum um tillögu þessa benti Pétur Kjartansson á, að óheimilt væri samkvæmt lögum að semja upp á verðtryggingu. Tillagan var samþykkt, og tilboði Kjartans Jónssonar var þar með vísað á bug. Pétur Kjartansson fékk bókaða svofellda yfirlýsingu:

„Ég lýsi því yfir, að ég áskil mér allan rétt að lögum vegna höfnunar tilboðs Kjartans Jónssonar og samþykktar á tilboði, sem er nálega fjórum milljónum króna lægra og ólögætum efnisákvæðum“.

Hinn 23. október 1975 hóf lögmaður Veðifélags Þverár að innheimta skuld Kjartans Jónssonar við félagið með kröfubréfi og taldi gjalddaga seinni hluta skuldarinnar 1. nóvember 1975 gjaldfallinn við greiðslufall fyrri hlutans. Fundur var haldinn 1. nóvember 1975 í stjórn veðifélagsins, og voru tilboðin opnuð, sem voru þessi:

1. Tilboð í símskeyti frá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, svohljóðandi: „Bjóðumst til að taka neðri hluta Þverár, 6—7 stengur, í umboðssölu á sumri komandi.

Virðingarfyllt,

Stangaveiðifél. Reykjavíkur, Barði Friðriksson, formaður.“

2. „Guðnabakka, 26. 10. 1975.

Ég undirritaður geri hér með tilboð í veiðirétt Veðifélags Þverár frá Gilbotni til ármóta Þverár og Hvítár ásamt Litlu-Þverá, miðað við 7 stengur. Greiðsla ársins 1976 sé kr. 8.300.000.-. Greiðsla ársins 1977 sé kr. 9.100.000.-. Greiðsla ársins 1978 sé kr. 10.000.000.-. Gjaldtagi leigunnar sé 60% 5. maí og eftirstöðvar 10. desember sama ár. Bankaábyrgð verði sett 6 mánuðum fyrir gjalddaga. Virðingarfyllt, Kjartan Jónsson“.

3. „Reykjavík, 27. 10. 1975.

Ég undirritaður leyfi mér að gera eftirfarandi tilboð í veiðiréttindi Veðifélags Þverár, neðri hluta ásamt Litlu-Þverá. Leigan verði miðuð við 7 stengur. Fyrir árið 1976 sé leiga kr. 8.100.000.-. Tilboðsgjafi óskar eftir forleigurétti fyrir árin 1977 og 1978. Bankaábyrgð verði sett fyrir leigunni. Með beztu kveðjum. Jón Kjartansson, Guðnabakka“.

4. „Reykjavík, 16. október 1975.

Ég undirritaður leyfi mér að gera veiðifélaginu eftirfarandi tilboð í auglýst veiðiréttindi miðað við 7 leyfðar stengur og leigu til þriggja ára: 1. Leigan sé kr. 7.600.000.- fyrir árið 1978. Gjaldtagi sé 1. júní ár hvert. Bankaábyrgð eða önnur jafngild

ábyrgð sé sett, ef óskað er. Óskað er eftir aðstoð veiðifélagsins við að útvega húsnæði fyrir veiðimenn við ána. Virðingarfyllst, Gísli Örn Lárusson, Rauðalæk 59, Reykjavík.“

5. „Reykjavík, 27. okt. 1975.

Ég undirritaður f. h. Veiðifélagsins Breiðan í Reykjavík geri hér með tilboð í veiðirétt í neðri hluta Þverár í Borgarfirði sumarið 1976 að upphæð kr. 7.100.000.-. Það skal þó tekið fram, að nauðsynleg húsnæðisaðstaða þarf að vera fyrir hendi. Virðingarfyllst, f. h. veiðifélagsins Breiðan, Markús Stefánsson, Barðavogi 7, Reykjavík.“

6. Þá lá enn fremur fyrir, að tilboð Stangaveiðifélags Borgarness, sem lagt var fyrir félagsfund 1. okt. sl., stæði enn, en það er svohljóðandi:

„Í framhaldi af fyrra tilboði okkar í stangaveiði í Þverá, og þar sem komið mun hafa til mála að leigja veiðirétt í ánni í tvennu lagi, þ. e. Víghólssvæðið sér og í öðru lagi svokallað neðra svæði, frá og með Gilbotni að ármótum Þverár og Hvítár, ásamt Litlu-Þverá, vill Stangaveiðifélag Borgarness hér með gera tilboð í síðarnefnda svæðið. Er þá miðað við, að leyft sé að veiða með 6 stöngum daglega. Tilboð okkar í framangreinda veiði sumarið 1976 er kr. 6.630.000.-. Er miðað við þriggja ára leigu og verði ofangreind leigufjárhæð endurskoðuð árlega og þá færð til samræmis við verðlag, eins og það kann að verða, t. d. kaupgjaldsvísitölu. Að því er snertir húsnæðisaðstöðu við ána vísast til fyrra tilboðs okkar þar um. Virðingarfyllst, í stjórn Stangaveiðifélags Borgarness, Finnbogi Guðlaugsson, Geir G. Bachmann, Þorkell Magnússon, Aðalsteinn Björnsson, Jóhann Kr. Jóhannesson.“

Stjórnin ræddi tilboðin á fundinum, en á honum voru einnig staddir Kjartan Jónsson og Jón Kjartansson. Ákveðið var, að nefndin kannaði tilboðin nánar og að það yrði gert eins fljótt og auðið væri. Stjórnin kom að nýju til fundar 8. nóvember ásamt nefndinni. Samþykkt var að óska eftir samningaviðræðum við Veiðifélagið „Breiðuna“ við fyrstu hentugleika. Stjórnin ritaði Kjartani Jónssyni bréf, dags. 27. nóvember 1975, þar sem honum er tilkynnt, að þar sem umsamin greiðsla fyrir veiðiréttinn árið 1975 sé að nokkru í vanskilum, sé það álit þeirra, sem fjallað hafi um tilboðin í neðri hluta árinna, að tilboð Kjartans geti ekki undir slíkum kringumstæðum komið til greina og því sé hér með hafnað. Hinn 8. desember 1975 gerði stjórnin leigusamning við Markús Stefánsson um neðri hluta Þverár árin

1976, 1977 og 1978 og höfðaði mál þetta til greiðslu skuldar Kjartans Jónssonar við veiðifélagið með stefnu 15. desember.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfu sína á hendur stefnda alfarið á skuldafyrirlýsingu hans, dags. 13. september 1975, til stefnanda, að fjárhæð kr. 2.380.000. Stefndi hafi ekki staðið við loforð þetta og hann hafi ekki sinnt greiðsluáskorunum og því hafi mál þetta verið höfðað. Undir rekstri þess hafi í ljós komið, að stefndi neiti greiðslu skuldarinnar, þar sem hann telji sig ekki bundinn af samkomulagi því, sem gert var við stjórn veiðifélagsins 13. september 1975 um uppgjör veiðileigunnar fyrir árið 1975. Stefndi haldi því fram, að hann hafi verið beittur blekkingum og nauðung til þess að ganga að þessu samkomulagi og gefa út skuldaviðurkenninguna, en því sé af hálfu stefnanda alfarið neitað, enda ekki stutt neinum rökum af hálfu stefnda. Stefndi haldi því fram, að leigugjaldið fyrir Þverá árið 1975 hafi átt að vera kr. 5.200.000, en ekki kr. 9.545,454, eins og samið hafi verið um. Byggi stefndi þessa skoðun á því, að samningur aðilja frá 6. nóvember 1971 geri ráð fyrir grunnleigu, ákveðinni fjárhæð, kr. 5.200.000 fyrir árið 1975, og hækkun á þessari fjárhæð í samræmi við hækkun á gengi bandaríkjadollars gagnvart íslenskum krónum, sem komin sé fram fyrir umsaminnt gjalddaga 20. maí. Stefndi haldi því fram, að ólöglegt sé að krefja hann um hækkun byggða á breyttu gengi íslensku krónunnar og vísi hann í lög nr. 71/1966 máli sínu til stuðnings. Gagnkröfuna byggi stefndi á því, að hann þurfi ekki að greiða mismuninn á grunngjaldinu, kr. 5.200.000, og hækkuninni og hafi hann því ofgreitt til veiðifélagsins og sé hér því um endurgreiðslukröfu af hálfu stefnda að ræða. Aðalkrafa og gagnkrafa byggist því á sömu spurningu, þ. e. hvort í gildi sé samkomulag aðilja um veiðileigu ársins 1975, sem gert var 13. september 1975, og skuldaviðurkenning stefnda, sem byggð var á því, eða hvort þetta sé ógilt. Að vísu sé hluti gagnkröfu stefnda, kr. 56.424, byggður á öðrum forsendum, nefnilega þeim, að hér sé um að ræða tap stefnda vegna þess, að veiðifélagið hafi ekki tekið tilboði hans í veiðina árið 1976, heldur lægra tilboði, og honum beri hluti fjárhæðar þeirrar, sem í milli hafi borið á tilboðunum. Þessi hluti gagnkröfunnar sé af stefnda hálfu órökstuddur, enda ekki byggður á lagarökum. Veiðifélagið geti ekki orðið bótaábyrgt af því einu að taka ekki hærra tilboði í krónutölum. Um aðalhluta gagnkröfu stefnda, sem byggður sé á sömu rökum og and-

mæli stefnda við kröfum stefnanda, sé það að segja, að því sé alfarið mótmælt af hálfu stefnanda, að ákvæði leigusamningsins um grunnjald leigufjárhæðar og hækkun á því samkvæmt hækkun á gengi bandaríkjadollara sé á nokkurn hátt ólöglegt. Lög nr. 71/1966, 1. gr., lýsi óheimilar fjárskuldbindingar í íslenskum krónum með ákvæðum þess efnis, að greiðslur skuli breytast í hlutfalli við breytingar á gengi erlends gjaldeyris. Lögum þessum sé ætlað að treysta notkun íslensku krónunnar, en ekki ætlað að koma í veg fyrir, að menn geti samið á þann hátt sem aðiljar í þessu máli. Stefndi hafi framleigt veiðiréttinn til útlandinga og þess vegna hafi hann séð sér hag í að hafa slík ákvæði og eigendur árinna hafi samið um að fá í sinn hlut hækkun, sem leiddi beinlínis af sjálfkrafa hækkun veiðileigunnar í íslenskum krónum. Stefndi hafi alls ekki verið að taka á sig fjárskuldbindingu í merkingu laga nr. 71/1966, heldur hafi aðiljar í samningi sínum verið að gera áætlun um markaðsverð gæðanna, eins og þeir telja það verða í framtíðinni. Þetta hafi þótt eðlilegt og sjálfsagt milli aðilja, allt þangað til stefndi hugðist standa félaginu skil á leigugjaldinu fyrir árið 1975. Áætlun á verði gæða fram í tímann sé ekki verðtrygging á fjárskuldbindingu og komi lög nr. 71/1966 ekki til álita í máli þessu. Stefndi bendir einnig á, að jafnvel þótt svo væri litið á, að ákvæði samnings aðilja um þetta, dags. 6. nóv. 1971, færi í bága við lögina um verðtryggingu fjárskuldbindinga, þá fari samkomulag aðilja um veiðileiguna árið 1975 á engan hátt í bága við lög þessi. Aðiljar hafi endanlega gengið frá leigunni fyrir veiðitímabilið 1975, eftir að því lauk í september 1975, og komi því ekki til álita, hvort aðiljar hafi miðað við gengishækkun dollara eða annað. Stefndi hafi viljað halda því fram, að hann ætti ekki að greiða viðbótina við grunnleigugjaldið að fullu vegna þess, að erlendir veiðimenn hafi brugðist og ekki komið til veiða eins og áður. Þessu sé alfarið mótmælt sem ósönnuðu og sé af þessu ljóst, að hugleiðingar stefnda um, að hann hafi verið beittur nauðung eða misneytingu í samningum sínum við veiðifélagið, séu hugarburður einn.

Stefndi og gagnstefndi styður kröfu sína um sýknu á því, að aðalkrafa stefnanda sé lögleysa. Hún sé byggð á verðtryggingu, sem sé lýst óheimil í 1. gr. laga nr. 71/1966, og því beri stefnda ekki að greiða hana. Dómar hafi fallið á þessa leið, bæði í héraði og Hæstarétti. Algerlega hafi verið óheimilt að krefja stefnda um gengisálag miðað við gengi bandaríkjadollars og

það sé ólöglegt að láta hann lofa ávísanagreiðslu til þess að fullnægja slíkri kröfu. Hann hafi verið beittur blekkingum og nokkurri misneytingu til þess að undirrita tékkann og hafi hann afturkallað tékkann, jafnskjótt og honum varð ljóst eðli málsins. 32. gr. samningalaga nr. 7/1936 verndi menn í slíkum tilvikum. Við þetta bætist, að það hafi verið alger forsenda af hans hálfu, er hann lofaði veiðifélaginu greiðslu 13. september 1975, að hann hefði ána til leigu áfram. Honum hafi verið sagt, að tilboð hans í ána fyrir næstu ár yrðu ekki tekin til athugunar, nema hann gerði upp við félagið og semdi á grundvelli dollaraálagsins, og honum hafi verið lofað, að tilboð hans yrði tekið til athugunar, jafnskjótt og hann hefði greitt. Hann hafi því verið búinn að greiða allar löglegar greiðslur til stefnanda samkvæmt samningum aðilja, áður en til máls þessa hafi komið, og því beri að sýkna hann. Gagnkrafa hans í málinu byggist á því, að stefnandi skuldi honum þessar fjárhæðir, ef „dollaraálagið“ og samkomulagið frá 13. september 1975 dæmist ólöglegt. Hluti gagnkröfunnar, kr. 56.424, sé hins vegar orðinn til á þann hátt, að þetta sé missir arðs, sem stefndi hefði átt að fá samkvæmt eftirfarandi útreikningi:

Stefndi hafi boðið kr. 8.300.000 fyrir 7 stengur í neðri hluta Þverár sumarið 1976. Þessu tilboði hafi verið hafnað, en tekið tilboði frá Markúsi Stefánssyni, kr. 7.191.667, fyrir 6½ stöng. Mismunur sé kr. 1.108.333, þegar einnig sé reiknað með afslætti vegna húsaleigu fyrir veiðihús til leigutaka, kr. 500.000. Stefnda sem eiganda Guðnabakka tilheyri 560/11000 hlutar í arð af þessari fjárhæð og það geri í krónutölu kr. 56.424.

Stefndi haldi því fram, að ótvírætt sé, að slík verðtrygging, sem aðiljar hafi samið um í leigusamningnum 6. nóvember 1971, sé bönnuð og sé samkomulagið frá 13. september 1975, sem byggt sé á slíkri gengistryggingu, einnig ólöglegt. Stefndi hafi snemma árs 1975 gert sér ljóst, að hann gæti ekki vegna samdráttar á leigu til útlendinga greitt fullt gengisálag á leiguna á ánni. Honum hafi verið ljóst, að hann gæti einungis gert það, ef hann fengi samninginn framlengdan áfram næstu ár. Fjölskylda hans hafi öll starfað við þetta og þetta hafi því verið gífurlegt hagsmunamál fyrir þau öll. Stefnda hafi verið ljóst, að gengistryggingarákvæðið væri ólöglegt, en hann hafi samt verið tilbúinn til samninga. Hann hafi verið neyddur til að gefa út skuldafyrirlýsinguna 13. september, þar sem honum hafi verið sagt, að tilboð hans kæmu ekki til greina ella. Þess vegna hafi hann

fallist á að gefa út skuldayfirlýsinguna, til þess að tilboð hans, sem fjölskyldan ætti allt undir, yrðu virt viðlits, og hann hafi gert þetta eingöngu í trausti þess, að hann mundi fá ána í leigu áfram. En í ljós hafi komið, að formaður veiðifélagsins hafi þá þegar verið búinn að gera samning við aðra aðilja um leiguna árið 1976, og þá hafi stefndi áttað sig á, að hann hafi verið blekkur, og hafi hann því afturkallað tékkann. Veiðifélagið hafi þannig notað sér aðstöðu stefnda og vitneskju um það, að stefndi yrði að fá leiguna á ánni áfram vegna lífsafkomu fjölskyldu sinnar, til þess að blekkja hann til að gefa út skuldaviðurkenningu fyrir ólögmati skuld, og sé ljóst, að slíkt sé ógilt og óheimilt samkvæmt 32. gr. samningalaga og brot á 248. gr. almennra hegningarlaga.

Niðurstaða.

Aðalkrafa stefnanda og meginhluti gagnkröfu stefnda byggjast á uppgjöri aðilja skv. samningi þeirra um leigu á veiðirétti í Þverá. Aðiljar gerðu samninginn 6. nóvember 1971 um veiðiréttinn árin 1972, 1973, 1974 og 1975. Leigugjaldið var ákveðið grunngjald á ári hverju miðað við fjölda stanga, og ofan á grunngjaldið skyldi koma sjálfkrafa hækkun í samræmi við hækkun á bandaríkjadollar gagnvart íslenskri krónu, miðað við gjald-daga leigugreiðslunnar, sem var 20. maí ár hvert fyrirfram fyrir veiðitímabilið 11. júní til 10. september. Aðiljar eru sammála um, að leigugjaldið hafi ekki hækkað árin 1972 og 1973 samkvæmt þessu ákvæði, heldur aðeins verið grunnleigan, kr. 4.500.000, bæði árin, en árið 1974 hafi grunnleigan, kr. 4.750.000, verið færð upp í kr. 5.170.000 og að árið 1975 hafi grunnleigan verið kr. 5.200.000, en leigugjaldið með hækkun skv. gengisbreytingu átt að vera kr. 9.545.454. Aðiljar eru einnig sammála um, að ákvæðið um sjálfkrafa hækkun grunnleigunnar í samræmi við hækkun bandaríkjadollars gagnvart ísl. krónu hafi verið sett í samning aðilja vegna framleigu veiðiréttarins til útlendinga, sem greitt hafi leigugjaldið í bandaríkjadollurum.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að honum hafi ekki verið skylt að greiða hækkunina á leigugjaldinu umfram grunnleigugjaldið, þar sem 1. gr. laga nr. 71/1966 banni slíka „verðtryggingu“, og hann byggir meginhluta gagnkröfu sinnar á hendur stefnanda á sömu sjónarmiðum. Stefndi hefur lýst því yfir, að hann hafi ætíð talið ákvæði samningsins um sjálfkrafa hækkun leigugjaldsins ólöglegt. Stefnandi hefur ekki viljað fallast á þennan skilning stefnda.

Dómurinn telur, að með umræddu gengistryggingarákvæði í leigusamningnum hafi leigutaki ekki verið að taka á sig fjárskuldbindingu í skilningi 1. gr. laga nr. 71/1966, heldur hafi aðiljar verið að áætla leigugjald veiðiréttindanna fram í tímann. Ákvæði þetta fellur því ekki undir lög nr. 71/1966, og er ekki ólöglegt. Stefndi, sem haldinn var öðrum skilningi, telur veiðifélagið hafa neytt sig til að semja um ólöglegt gjald með því að neita að semja við hann um framhald á leigusamningi ella. Á þetta verður á engan hátt fallist. Stjórn félagsins veitti stefnda gjaldfrest á leigugjaldinu fyrir árið 1975. Stjórn veiðifélagsins og félagsfundum var rétt að gera stefnda ljóst, að tilboð hans í framhaldandi veiðirétt yrðu ekki tekin til greina, fyrr en hann hefði staðið við samninga sína og skuldbindingar gagnvart veiðifélaginu. Stefndi virðist hafa skilið þetta svo, að tilboðum hans í veiðirétt yrði tekið, ef hann gerði upp við veiðifélagið samkvæmt samningi aðilja. Ekkert í máli þessu bendir til, að slík loforð hafi verið gefin af hálfu félagsins né að félaginu hafi átt að vera ljóst, að slíkar forsendur væru af hans hálfu. Ekkert í máli þessu bendir til, að samningur aðilja um uppgjör 13. sept. 1975, og skuldaviðurkenning stefnda þann dag, sé ólöglegur eða skuli vera ógildur eða að óheiðarlegt sé af stefnanda að bera hann fyrir sig, og verða því kröfur stefnanda í aðalsök að öllu leyti teknar til greina.

Hluti gagnkröfu stefnda byggist á þeim rökum, að hann hafi orðið fyrir tjóni, sem samsvari hluta hans í mismun á hans eigin tilboði í veiðiréttinn árið 1976 og tilboði því, sem tekið hafi verið. Veiðifélagið tók tilboði, sem það taldi hagstæðast fyrir félagið, á löglegan hátt og hefur á engan hátt bakað sér bótaskyldu gagnvart einum félagsmanna, þótt hann telji, að félagið hefði átt að taka öðru tilboði. Þessi hluti gagnkröfu sem aðrir hlutar verður því ekki tekinn til greina.

Niðurstaða verður því sú, að taka ber kröfur stefnanda í aðalsök að öllu leyti til greina, en sýkna stefnanda af gagnkröfu stefnda alfarið. Stefnda verður gert að greiða stefnanda málskostnað, sem með hliðsjón af rekstri málsins og málavöxtum ákveðst kr. 500.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði stefndi, Kjartan Jónsson, stefnanda, Veiðifélagi Þverár, kr. 2.380.000 með 2% dráttarvöxtum á mán-

uði eða broti úr mánuði frá 1. október 1975 til 25. nóv. s. á., en af kr. 2.380.000 frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda.

Stefndi og gagnstefnandi, Kjartan Jónsson, greiði stefnanda og gagnstefnda, Veiðifélagi Þverár, kr. 500.000 í málskostnað.

Greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 10. júní 1980.

Nr. 113/1977. **Jón Þorkelsson**
Málfríður Þorkelsdóttir
Sigríður Þorkelsdóttir
Pétur Geirsson
Jón Helgason og
Hvalfjarðarstrandarhreppur,
eigendur Litla-Botns,
 (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Helga Eyjólfsyni,
eiganda Stóra-Botns,
og gagnsök
 (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 5. júlí 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. júní s. á. Krefjast þeir þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Verði ómerkingarkrafan ekki tekin til